





Kristín Hallsdóttir

f. 16. október 1954 - d. 25. ágúst 2025

Útför gerð frá Akraneskirku
þriðjudaginn 2. september 2025



Forspil

Bæn

Drottinn er minn hirðir

Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig
hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býrð mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Ritningarorð

Kveðja

Bubbi Morthens

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Ritningarorð

Góða ferð

José Feliciano / Jónas Friðrik Guðnason

Þér leiðist hér ég veit það kæri vinur
Þú vilt á brott að kanna nýjan stig
en þig skortir kjark þú hikar
og hugsar dag og nótt
og hræðist að þú munir særa mig

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur
það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð

Við áttum saman yndislega stund
við áttum sól og blóm og hvítan sand
og skjól á köldum vetri
er vindur napurt söng
og von um gullin ský og fagurt land

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur
það allt er gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð

Þó farir þú í fjarlægð kæri vinur
og fætur þínir stígi ókunn skref
Þann draum er æðstan áttir,
þú áður sagðir mér
þín ást var mín og brosin geymt ég hef

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er
gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð

Góða ferð, góða ferð, góða ferð
góða ferð já það er allt og síðan bros
því ég geymi alltaf vinur það allt er
gafstu mér
góða ferð, vertu sæll já góða ferð

Guðspjall

Söknuður

Jóhann Helgason / Vilhjálmur Vilhjálmsson

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það,
en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundir stað, sameinað beggja sál.

Minningarorð

Minn bátur

Björn Eidvåg / Halldór Hallgrímsson

Bæn og faðir vor

Allt eins og blómstrið eina

Hallgrímur Pétursson

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,

á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Moldun

Ég lifi í Jesú nafni

Hallgrímur Pétursson

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.

Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Blessun

Eftirspil

Leiðin okkar allra

Þorsteinn Einarsson / Einar Georg Einarsson

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni.

Prestur: Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Tómas Guðni Eggertsson
Fiðla: Matthías Stefánsson
Kór: KarlaKórinn Fóstbræður
Einsöngur: Eyþór Ingi Gunnlaugsson
Einsöngur: Halldór Hallgrímsson
Bassi: Ingþór Bergmann Þórhallsson
Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta
Sálmaskrá: Leturstofan